

Styrjaldirnær

menningin og Ísland

79. Eftir dr. Helga Pjeturss.

I.

Styrjöldin sem nú er minnir að ýmsu leyti á ófriðinn langa, 431—404 f. K., milli Apenumanna og Spartverja og bandamanna þeirra. Líkt og Bretar og Frakkar kveða sig berjast fyrir frelsi og lýðræði, þannig sögðust Spartverjar heyja ófriðinn til að frelsa Grikki undan ágangi Apenumanna. En afleiðingar ófriðarins urðu hinar herfilegustu. Hann kom í veg fyrir að Apenuborg yrði heimsveldi. Og það eru engar ýkjur, að hann hafi sett úr liðnum hina grísku menningarframsókn, þá merki-legustu sem orðið hafði hjer á jörðu. Sbr. orð Hamlets: heimurinn er úr liði: The world is out of joint. Plato og Aristoteles — en þeirra verk er yngra en ófriðurinn mikli — stefna ekki eins hátt og ekki eins rjett og þessir ótrúlegu menn. Anaximander, Demokritos, Pythagoras, Anaxagoras, sem hugsuðu svo miklu viturlegar um tilveruna en nokkur hafði gert áður, og jafnvel sumar þær hugsanir, sem ekki hafa metnar verið að verðleikum fyrir en nú. Á jeg þar einkum við þá hugsun, að uppruna jarðlífsins, og eins framlifið, sje að rekja til stjarnanna. En til þess að sú hugsun kæmist til fulls í vísindahorfið þurfti eigi einung-

is miklu fullkomnari stjörnufræði en var á dögum vitringanna grísku, heldur einnig þann þekkingarauka mannsins á sjálfum sjer, að fundið væri hið sanna eðli draumlífsins.

Vísindi þau sem sköpuð voru í Alexandríu, eftir daga Alexanders mikla, sem framhald grískrar heimspeki, voru að vísu mjög aðdánleg að ýmsu leyti. En þau voru guðlaus. Próffessorarnir í Alexandríu hlógu að átrúnaði Grikkja og töldu hjátrú eina. Og því leið sú vísindatilraun undir lok. Á örugga framfaraleið eru vísindin ekki komin fyrir en þau ná til guðanna.

II.

Margir reyndu að hugga sig við það meðan á styrjöldinni miklu stóð, 1914—18, að þar væri verið að berjast til að gera enda á styrjöldum: „The war to end war“. En svo fóru leikar, að ýmsir komust á þá skoðun, að heldur hefði verið að því stefnt að gera enda á menningunni. Ein af eftirtektarverðustu lókum, sem skrifaðar voru eftir ófriðinn heitir Wöldenwende (Heimshvörf) og er eftir þýska sagnfræðinginn dr. Albrecht Wirth, 1921. Hefir bók þessari, sem rituð er af snild og mikilli

þekkingu verið minni gaumur gefinn en skyldi. Dr. Wirth reynir að tala kjark í þá, sem örvænta um framtíðina. „Þýskaland, sem nú blæðir úr þúsund sárum“ — segir hann, s. 282 — „mun verða völdugra en nokkru sinni áður“. Og hann segir jafnvel fyrir „komu“ Hitlers. En þó segir hann, að Austurlöndin muni að lokum sigra, og yfirdrottnun hins hvíta mannkyns lokið verða.

III.

Þrátt fyrir alt sem skrifað hefir verið um heimshvörf eða aldaskifti, þá skortir enn á fullkominn skilning á því, hversu alvarleg þau eru þessi aldamót, sem nú er komið að. En þau eru svo alvarleg, að ef illa fer, á mannkynið ekki langa framtíð fyrir höndum. En ef vel tekst, munu á fáeinum áratugum verða meiri breytingar til batnaðar en orðið hafa allar árapúsundirnar frá því á steinöld áður, og framtíð mannkynsins glæsilegri en nokkurn hefir órað fyrir. Það yrði auðveldara að semja frið ef menn gerðu sjer nægilega ljóst, að styrjöldum verður að líkja við sótt í líkama, og að nú er þeirri sótt svo komið, að sjúklingurinn mun gerast banvænn ef ekki fæst bráður bati. Það mundi ennfremur greiða mikið fyrir lækningunni, ef menn vissu að styrjaldirnar skapa mannkyni voru samband við jarðstjörnur þær sem ~~Helstefnan~~ ríkir, og

það jafnvel á miklu hærra stigi en hjer á jörðu, og hlýst af slíku hverskonar ófarnaður. Hinsvegar leiðir gott af öllu sem miðar til sambands við stjörnur þar sem komið er á sanna framfara-leið, eða vel horfir í þeim efnum. Þannig ~~það er ástundastund~~

tækustu áhrif til góðs, ef sá skilningur næði að sigra, að hin sigursælu aldaskifti þefjast með uppgötvun lífsins á stjörnunum og geta ekki á annan hátt hafist.

IV.

Háskóli Íslands mundi verða með ólíkindum fræg stofnun og áhrifamikil, ef komið væri upp í sambandi við hann, vísindastöð þar sem aðalatriðið væri rannsókn lífsins á stjörnunum. — Ísland sem brautryðjandi í stjörnulíffræði mundi verða í sannleika Farsælda Frón og fóstura þess fólks, sem mjög viðfrægt mundi verða og mikils metið, svo mikils, að þetta land yrði öllum öðrum fremur kallað landið helga. Það er nú þegar ýmislegt, sem á mjög eftirtektarverðan hátt sýnir hvað orðið gæti. T. d. er landið að verða svo miklum mun bliðara og byggilegra, að engu er líkara en að það væri að færast sunnar á hnettinum. Og skal enginn ímynda sjer, að þessi loftslagsbreyting sje án alls sambands við það hlutverk, sem íslensku þjóðinni er ætlað að vinna í

La/h

þágu alls mannkyns. Það er
býsna fróðlegt í þessu sambandi,
að hugsa til þeirrar miklu breyt-
ingar, sem varð á hinn veginn,
um og eftir 1300, þegar íslensk-
ur andi hafði beðið hinn versta
ósigur, svo að á 14. öldinni gætir
þess lítið í andlegu starfi þjóð-
arinnar, sem íslenskt hugarfar
einkum hefir haft til síns ágætis.
Á þessari sömu öld stórspiltist
landið, akuryrkja legst niður, og
Þjórsárdalurinn, sem sennilega
hefir verið fegursta sveitin á Ís-
landi, legst í eyði. Og skrítið er
það, að dalurinn fagri, sem varð
að sandauðn einni, skyldi vera
sveit Hjalta Skeggjasonar,
mannsins, sem fyrir andnorræn
ábrif, hafði smánað Freyju,
gýðju frjóseminnar.

1939

20. október.

Helgi Pjeturss.